

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.02.2020

## Fundur 1-2020

---

Fundur haldinn í sveitastjórn Skagabyggðar miðvikudaginn 12. febrúar 2020 í Skagabúð kl. 9:00.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

### **Dagskrá:**

- 1. Sameiningarmál – fulltrúar frá RR ráðgjöf**
- 2. Bréf**
  - a. Mannvirkjastofnun, dags. 16. janúar 2020**
  - b. Sölufélag Austur-Húnavetninga dags. 9. janúar 2020**
- 3. Samningur um samnýtingu embættis bygginga- og skipulagsfulltrúa með Blönduósbæ**
- 4. Snjómokstur**
- 5. Önnur mál**

Afgreiðsla:

- 1. Sameiningarmál**

Undir þessum lið sátu Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson frá RR ráðgjöf fundinn.

Rætt um áherslur sveitarfélagsins ef kæmi til sameiningar við sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu.

Fundargerð frá fundi framkvæmdaráðs og sveitarstjóra með RR ráðgjöf frá því í janúar lögð fram til kynningar.
- 2. Bréf**
  - a. Mannvirkjastofnun, dags. 16. janúar 2020**

Bréf lagt fram til kynningar.
  - b. Sölufélag Austur-Húnavetninga dags. 9. janúar 2020**

Í bréfinu er sveitarfélaginu boðið að kaupa hlut Sölufélags Austur-Húnavetninga í Ámundakinn ehf.

Skagabyggð hefur ekki áhuga á að kaupa hlut að svo stöddu.
- 3. Samningur um samnýtingu embættis bygginga- og skipulagsfulltrúa með Blönduósbæ.**

Samningurinn lagður fram og samþykktur af sveitarstjórn.
- 4. Snjómokstur**

Umræður um snjómokstursfyrirkomulag í sveitarfélaginu og framtíðarhorfur í þeim. Ákveðið að senda út bréf, þ.e. lokað útboð, til íbúa sveitarfélagsins þar sem óskað verði eftir áhugasömum aðilum sem sinna vilja snjómokstri frá og með næsta hausti.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 12.02.2020  
Fundur 1-2020

---

---

**5. Önnur mál**

Rætt um framkvæmdir í Kálfshamarsvík.  
Umræður um almannavarnarmál.

Fleira er ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:50.

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

Magnús Björnsson

---

Karen Helga R Steinsdóttir

---

Magnús Guðmannsson

---

Kristján Steinar Kristjánsson